

Mánudaginn 4. desember 1944.

Nr. 88/1944. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Guðmundi Jóhannessyni

(Kristján Guðlaugsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Einars Arnórssonar.

Brot gegn ákvæðum laga nr. 84/1933 um varnir gegn órétt-
mætum verzlunarháttum.

Dómur hæstaréttar.

Sala kærða á vöru þeirri, er í málinu greinir, varðar við 14. gr. laga nr. 84/1933, og þykir sekt hans með hliðsjón af 3. tölulið 74. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 100 krónur til rikissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði 100 króna sekt til rikissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Kristjáns Guðlaugssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 26. apríl 1944.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. þ. m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Jóhannessyni forstjóra, til heimilis Bergstaðastræti 69 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum nr. 84 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Kærður er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur sætt eftirtöldum refsingum:

- 1929 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir sviksamlegt athæfi. Málið rannsakað í Reykjavík og sent sýslumanninum í Suður-Múlasýslu.
- 1937 $2\frac{1}{2}$ Meðtók í Reykjavík f. h. firmans Magnús Th. S. Blöndahl áminningu og greiddi málskostnað fyrir brot gegn 6. gr. reglugerðar nr. 51 1936 um aldinsafa o. fl.
- 1940 1% Sátt í Reykjavík, 5 kr. sekt, fyrir að tvímenna á reiðhjól.
- 1942 1% Kærður í Reykjavík fyrir meint brot gegn lögum um matvæslaskömmtnun. Fellt niður með bréfi dómsmálaráðuneytisins.
- 1921 Suður-Múlasýsla. Sátt, 25 kr. sekt, fyrir brot gegn reglug. frá $1\frac{3}{4}$ 1920 um innflutning á vörum.
- 1921 Suður-Múlasýsla, sátt, sekt kr. 7.50, fyrir brot gegn lögum nr. 75 1921 um stimpilgjald.

Tildrög máls þessa eru þau, að firmað Magnús Th. S. Blöndahl h/f, Reykjavík, hefur undanfarin 2 ár flutt inn og selt haframjöl í pökkum, en í hverjum pakka hefur einnig verið eitt vatnsglas. Félag íslenzkra stórkaupmanna taldi sölu þessa vera brot á lögum um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum og kærði þetta með bréfi dags. 23. júní s. l.

Kærður er og hefur verið forstjóri firmans Magnús Th. S. Blöndal h/f í Reykjavík, og ber ábyrgð á rekstri þess. Fyrri hluta ársins 1943 flutti firmað inn 400 kassa af haframjöli. Í hverjum kassa voru 24 pakkar, og í hverjum pakka 14 oz. af haframjöli og auk þess eitt vatnsglas. Var mynd af vatnsglasi utan á hverjum pakka og lesmál á ensku, þar sem skýrt var frá vatnsglasinu. Kassa þessa seldi firmað í heildsölu á kr. 41.61, og eru þeir nú seldir. Sams konar haframjölssendingar hefur firmað síðar fengið, og eru þær nú einnig seldar.

Kærði hefur haldið því fram, að hér hafi verið að ræða um sölu á tveimur vörutegundum, sem seldar væru saman. Styður kærði þetta með því, að nefndir haframjölsskassar séu talsvert dýrari en sambærilegt haframjöl án glervöru er selt hjá öðrum heildsölufirmum. Leitt er í ljós í málinu, að önnur heildsölufirma hér í bæ hafa á sama tíma selt sama magn af haframjöli, án þess að nokkur glervara eða annað fylgdi, talsvert ódýrara en firma það, er kærði veitir forstöðu, en ekki verður séð, hvort gæðin séu hin sömu.

Árið 1942 flutti firmað Magnús Th. S. Blöndal h/f inn nokkuð af sams konar haframjöli, og í sams konar umbúðum og haframjöl það, er það flutti inn árið 1943. Kveðst kærði þá hafa heyrt ávæning um, að sala á þessu haframjöli myndi talin ólögleg og hafa því snúið sér til skrifstofustjórans í viðskiptamálaráðuneytinu og spurzt fyrir um þetta atriði. Hefur skrifstofustjórinn staðfest þetta og kveðst hafa sagt kærða, að hann teldi ekki sitt verk eða ráðuneytisins að skera úr þessu, en hafa bætt við, að þar sem vatnsglösín væru reiknuð til verðs, en ekki gefin, þá álitu hann, að þetta bryti ekki í bága við lög. Í trausti þessa kveðst kærður hafa haldið áfram að flytja inn og selja haframjöl þetta. Kærði kveðst aldrei hafa auglýst haframjölið.

Í 14. gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum er bannað að gefa með verzlunarvörum kaupbætismiða, happdrættismiða, vörugjafir eða annað, sem dregið getur kaupendur til að kaupa þá vörutegund vegna verðmætis í því, er henni fylgir. Tilgangurinn með ákvæðum þessarar greinar virðist vera sá að koma í veg fyrir, að óskyldum vörum sé blandað saman í verzlun og með því reynt að afla vörutegund vinsælda með öðru móti en verðleikum hennar sjálfrar. Virðist í þessu sambandi enginn verulegur munur vera á, hvort fylgihluturinn sé beinlínis talin gjöf eða reiknaður til einhvers verðs, ef tilgangurinn er sýnilega sá, að lokka menn til að kaupa ákveðna vörutegund með því að láta aðra alveg óskylda fylgja með.

Eins og málsatvikum hefur verið lýst hér að framan, verður ekki annað séð en að eitt vatnsglas hafi verið látið fylgja sérhverjum haframjölspakka í þeim tilgangi að reyna að auka sölu á haframjölinu. Orðalag hinnar tilvitnuðu lagagreinar er að visu ekki með öllu ótvírátt, en með því að tilgangur greinarinnar virðist vera sá, að koma í veg fyrir verzlunarhætti sem þessa, þá verður að telja, að kærði hafi með framangreindri sölu brotið gegn 14 gr. laga nr. 84 frá 19. júní 1933. Eftir öllum atvikum og með hliðsjón af ákvæðum 3. töluliðs 74. gr. hinna almennu hegningarlaga, þykir refsing kærða samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 84 1933 hæfilega ákveðin 300 kr. sekt í ríkissjóð. Komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Ólafssonar hdl., kr. 250.00.

Í dómnum áttu sæti Árni Tryggvason settur borgardómari og meðdómendurnir Aðalsteinn Kristinsson forstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri. Samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðuneytisins er borgardómari formaður dómsins, þótt hér sé um opinbert mál að ræða.

Dráttur sá, sem orðið hefur á því, að málið yrði tekið fyrir hér fyrir dóminum, stafar af mjög miklum önnum við borgar-dómaraembættið, svo og því, að erfitt var að ná til meðdóms-
manna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Guðmundur Jóhannesson, greiði 300 króna sekt í rikissjóð, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-
varnarlaun skipaðs verjanda hans, Jóns Ólafssonar hdl., kr.
250.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. desember 1944.

Nr. 25/1944. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Guðjóni Andréssyni (Magnús Thorlacius).

Bifreiðalagabrot. Líkamsáverki.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðbrandur Ísberg
sýslumaður.

Samkvæmt vottorði héraðslæknis dags. 8. des. 1943 fór
Hólmfríður Kristjánsdóttir, er fyrir slysinu varð 4. okt. 1943
og í héraðsdómi getur, út af sjúkrahúsi 7. des. s. á. og hafði
þá náð fullri fótavist. Pípan, sem rekizt hafði í hana, braut
gat á brjóstkassann við mót brjóstbeins og geislunga 3. og
4. rifs, svo að húðin, sem var heil yfir brotstaðnum, en
hrumluð, blakti til við andardráttinn, enda var konunni
mjög erfitt um andardrátt. Eftir slysið var hún mjög þungt
haldin um hrið. Telja verður meiðsli konunnar slík sem í
218. gr. almennra hegningarlaga greinir, og verður ákærði að
sæta refsingu fyrir tjón það á heilsu hennar, er lýst var,
samkvæmt 219. gr. sömu laga, með því að umbúnaður pípn-
anna á vagni þeim, er hann stýrði, var ófullnægjandi og
aksturinn var of hraður, eins og á stóð. Svo varðar atferli